



Reykjanesbær, 21. júlí 2021

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðstjóri
Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbæ

Varðar: Beiðni Sindra um úthlutun reits í Njarðvíkurskógum til skógræktar.

Undirritaður vill fara þess á leit við Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar fyrir hönd St. Jóhannesar Stúkunnar Sindra sem starfar innan Frímúrarareglunnar á Íslandi að fá einum hektara úthlutað í Njarðvíkurskógum fyrir uppbyggingu skóglendis og græns svæðis.

Sindri vill leggja sitt af mörkum til umhverfismála og undirbýr átak í gróðursetningu til kolefnisbindingar en einnig til að skapa ákjósanlegt umhverfi til útvistar og afþreyingar fyrir sína félagsmenn. Sýn Sindra er að fá afmarkaðan reit og móta svæðið til framtíðar. Hlúa að myndarlegum lundi bræðrum til gleði og ánægju sem og samfélaginu til heilla svo að sómi verði að.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Arngímur Guðmundsson', written over a horizontal line.

Arngímur Guðmundsson
Stm Sindri

**Móttekið f.h. Umhverfis- og skipulagsráðs
Reykjanesbæjar**